

PALS

Námskeiðin í PALS eru haldin á vegum *SÍSL Sérfræðingateymis í samfélagi sem lærir* sem átti frumkvæði að innleiðingu PALS í íslenskt skólasamfélag. Handbókin er þýðing á *Peer-Assisted Learning Strategies Reading Methods for Grades 2-6* í endurskoðaðri útgáfu frá árinu 2008.

PALS var þróað í Peabody College við Vanderbilt University í Tennessee-fylki í Bandaríkjunum. Markmiðið með aðferðinni er að gefa kennurum kost á að þjálfa alla nemendur bekkjar samtímis í lestri eða stærðfræði með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu).

PALS lestraraðferðin byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35 til 45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvorn annan við að bæta lesturinn. Þörin nota stigakerfi sem hvatningu og gefa sér stig m.a. fyrir að ljúka verkefnum. Kennarinn fylgist með pörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn.

Rannsakendur við Vanderbilt University auk annarra rannsakenda hafa kannað áhrif PALS á lestrarfærni nemenda í 2.-6. bekk. Í miklum meirihluta rannsóknanna standa nemendur sem hafa fengið þjálfun í PALS sig mun betur en nemendur í samanburðarhópum sem hafa ekki fengið slíka þjálfun. Jafnframt hefur þátttaka í PALS styrkt lestrarfærni nemenda sem hafa mikla, miðlungs eða litla færni í lestri, nemenda með fatlanir og þeirra sem læra ensku sem annað tungumál, þegar frammistaða þeirra er borin saman við frammistöðu sambærilegra nemenda sem hafa ekki tekið þátt í PALS.

Höfundar handbókarinnar eru Douglas Fuchs, Ph.D., Lynn S. Fuchs, Ph.D., Deborah C. Simmons, Ph.D. og Patricia G. Mathes, Ph.D. Þeir hafa góðfúslega gefið SÍSL leyfi til að þýða útgefið PALS efni yfir á íslensku og þjálfa íslenska kennara í PALS, en þó með því skilyrði að það sé ekki gert í hagnaðarskyni.

Að endurgerðu útgáfunni komu auk upprunalegu höfundanna nokkrir aðilar, þ.m.t. Kristen McMaster, Ph.D. og prófessor við University of Minnesota sem þjálfaði fyrsta íslenska hópinn í PALS lestraraðferðinni haustið 2008. Í þeim hópi voru auk verkefnisstjóra og sérfræðingateymis SÍSL, kennarar og aðrir fulltrúar skólasamfélagsins í Mosfellsbæ.

Nánari upplýsingar um PALS má nálgast á þessum vef: <http://leikar.net/SISL/>

Hulda Karen Daníelsdóttir, verkefnisstjóri